

Skýrsla stjórnar

um starfsemi Foreldrafélags Leikskólans Sólborgar

leikskólaárið 2008-2009

Lögð fram á aðalfundi félagsins, 18. nóvember 2009.

Á aðalfundi félagsins í september 2008 var kosin ný stjórn. Á fyrsta fundi skipti hún með sér verkum; Hjördís formaður, Kristinn Jón varaformaður, Kalina gjaldkeri og Jóna Björk ritari. Meðstjórnendur voru Lilja Sólrún, Hera, Móheiður, Hilda og Íris Elva. Helga var fulltrúi starfsmanna auk Jónínu leikskólastjóra. Ákveðið var að félagsgjaldið yrði óbreytt í ár, kr. 3.500 fyrir barnið og kr. 5.845 fyrir systkini. Þrátt fyrir erfitt efnahagsástand voru mjög góðar heimtur á félagsgjaldi.

Tveir fundir voru haldnir í stjórn foreldrafélagsins á árinu en milli funda ræddi stjórnin mikið saman í tölvupósti. Starfsemi foreldrafélagsins var með hefðbundnu sniði þetta skólaár og skipulagt í samráði og með góðri aðstoð starfsfólks leikskólans.

Foreldrafélagið tók þátt í kostnaði við jólahald barnanna í desember 2008. Eftir jól er hefð fyrir því að foreldrafélagið standi fyrir þrettándagleði. Þetta skólaár var hún haldin á sjálfum þrettándanum, þriðjudaginn 6. janúar, eftir að hefðbundnu leikskólastarfi lauk. Þátttaka var góð en stjórnin var sammála um að markmið félagsins um samveru foreldra og barna næðust betur með því að halda hátíðina um helgi.

Foreldrafélagið skipulagði táknmálsnámskeið fyrir foreldra þann 12. nóvember 2008 og var kennari sem fyrr Gígja Þórðardóttir. Námskeiðið var vel sótt og afskaplega fræðandi og fjörugt!

Að frumkvæði foreldrafélagsins voru teknar bekkjarmyndir vorið 2009 og voru myndirnar teknar á fallegu útisvæði leikskólans.

Elstu börnin fóru í fræðslu- og útskriftarferð að Sólheimum í Grímsnesi í maí 2009 en þessi ferð er lokaviðburður í námi elstu barnanna og undanfari sumarstarfs þeirra. Foreldrafélagið greiddi stóran hluta kostnaðar í þessari ferð, t.d. fyrir rútu og heimsóknargjald.

Föstudaginn 26. júní 2009 hélt foreldrafélagið myndarlega sumarhátíð í garðinum í Sólborg. Veðrið lék við okkur, Lilli klifurmús og Mikki refur komu í heimsókn og léku við börnin, það var andlitsmálning, sápukúlur voru blásnar, við grilluðum pylsur, borðuðum íspinna, hoppuðum í hoppkastala og margt margt fleira! Við fengum góða styrki frá Ölgerðinni og Emessís, þ.e. Frissa fríska og Skoppu og Skrýttlu ís eins og við gátum í okkur látið. Þátttaka starfsfólks var ómetanleg bæði við að skipuleggja hátíðina, setja allt upp og taka saman, og halda utan um hátíðina meðan hún stóð yfir. Kunnum við starfsfólki bestu þakkir fyrir. Yndislegur dagur í alla staði!

Að lokum þakkar stjórnin frábæra þátttöku foreldra, barna og starfsmanna í starfinu á liðnu skólaári og fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir vel unnin störf.

F.h. foreldrafélagsins, Hjördís Gunnarsdóttir, formaður.